



Sveinn Guðmundsson framkvæmdastjóri er hér að sýna blaðamönnum vinnulaunabækur frá fyrstu árum fyrirtækisins. Honum á vinstri hönd sést sveinsstykki hans, hringskeri.

Starfsmennirnir eru kjölfestan

— segir Sveinn Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Sveinn Guðmundsson hefur verið framkvæmdastjóri Héðins h.f. frá árinu 1942. Hann hóf starf við fyrirtækið sem lærlingur árið 1929, og er því þriðji eða fjórði elsti starfsmaður Héðins. Hann lauk sveinsprófi rennisíðri 1933, og var sveinsstykkið skvallaður hringskeri (en hann er meðal þeirra muna sem eru á sýningunni í Héðni). — Sveinn stundaði framhaldsnám í vélfræði við Tekniska Institutet í Stokkhólmum á iðunnámi loknu, og lauk þaðan prófi í vélfræði árið 1933. Hann vann síðan sem vélfræðingur í Héðni, þar til hann tók við starfi framkvæmdastjóra eftir lát tengdafóður síns Markúsar Ingvarssonar. Kona Sveins er Kristín Helga Markúsdóttir.

Þeir starfsmenn sem lengst hefðu starfað við fyrirtækið væru kjölfesta þess, og lagði áherzlu á nauðsyn góðs samstarfs við alla starfsmenn fyrirtækisins. Sem dæmi um góð samskipti við viðskiptamenn fyrirtækisins sagði Sveinn, að það kæmi fyrir að hann gæði samninga upp á milljónir gegnum simann. Sér hefði aldrei orðið hálft á slíkri samningagerð, og þetta sýndi að eins hve Íslendingar væru heilbrigðir í viðskiptum. Kjölfestan eru þeir starfsmenn, sem lengst hafa unnið í fyrirtækinu, sagði Sveinn. Samtals hafa 72 af núverandi starfsmönnum Héðins unnið þar 10 ár eða lengur. Elzti núlifandi Héðinsmaðurinn er Jón Fjalldal, 89 ára og hann vinnur nú hluta úr degi. Jón var eitt sinn fjárbóndi við Djúp. En sá sem á langstan starfsaldur að baki, 48 ár, er Kjartan A. Jónsson, og hann vinnur þar enn fullan vinnudag.

VÉLSMÍÐJAN HÉÐINN 50 ÁRA

Vélsmiðjan Héðinn h.f. er 50 ára í dag. Fyrirtækið var stofnað 1. nóv. 1922 og voru stofnendur þess Bjarni Þorsteinsson, vélfræðingur og Markús Ivarsson vélstjóri. Þessir tveir menn veittu fyrirtækinu forstöðu fyrstu 20 árin. Árið 1942 tók Sveinn Guðmundsson vélfræðingur, — sem margir munu þekkja betur undir nafninu Sveinn í Héðni — við framkvæmdastjórn fyrirtækisins, og hefur hann veitt því forstöðu síðan.

skip að hann hitti ekki einhvern vélstjóra, sem lært hefði í Héðni.

Verkefni

Við teljum, að fyrirtækið eigi mikla framtíð fyrir sér, sagði Sveinn; verkefni eru að miklum hluta til þjónustu við sjávarútveginn, og þegar illa árar fyrir honum sér þess líka merki í starfsemi Héðins. Hann gat þess að smíði ísvela fyrir frystihúsin hefði kostað nokkurra ára undirbúning og tilraunir, og hefðu þær fyrstu komið á markaðinn 1956. Hefðu þær líka svo vel að þær hefðu meira að segja verið seldar til Noregs.

Hamri, Stálsmiðjuna h.f. árið 1933, en það fyrirtæki hefur aðallega unnið við plötu- og ketilsmíði og þá ekki síst við bolviðgerðir á skipum. Árið 1941 stofnuðu þessi sömu fyrirtæki saman Járnsteypana h.f.

Stjórn Héðins hefur um margra ára skeið verið eingöngu skipuð konum, Héðinn hefur „búið við konuriki“, eins og Sveinn orðaði það á blaðamannafundinum. Stjórn fyrirtækisins skipa nú: Guðrún Markúsdóttir, formaður, og Sigrún M. Möller og Kristín Sveinsdóttir meðstjórnendur.

Í tilefni þessara tímamóta hefur Héðinn komið upp vandaðri sýningu, sem gefur góða hugmynd um starfsemi frá upphafi og þá menn — stjórnendur og starfsmenn — sem þar hafa komið við sögu. Fréttamönnum var gefinn kostur á að skoða þessa sýningu nú rétt fyrir afmælið, og við það tækifæri rifjaði Sveinn Guðmundsson forstöjri upp helstu viðburði á hálfri aldrar ferli fyrirtækisins. Hér á eftir er gripið niður í þessari sögu, og ennfremur í birtast hér yfirlit við bæði eldri og yngri starfsmenn í Héðni.



A þessari teikningu Sigfúsar Halldórssonar sést bakhlíð og port gamla Héðins í Aðalstræti 6b. Í baksýn er svo Hótel Ísland, sem brann á sínum tíma.

Þegar Héðinn byrjaði starfsemi sína í Aðalstræti 6b, voru starfsmennirnir 4 að tölum. Á seinustu árum hafa að jafnaði unnið um 200 manns hjá fyrirtækinu. Í gamla Héðni fór starfsemi fram á um 60 fermetra gölflieti, en nú er samanlagður gölflieti um 13 þús. fermetrar. Auk verkstæðanna við Seljaveg, starfrækir Héðinn sérstakt útibú í Garðabreyri, Garða-Héðin h.f. Þar fer aðallega fram smíði stálgrinduhusa.

Yfir 550 nemar

Alls hafa þá þessu 50 ára tímabili 554 nemar stundað járnsmíðarnám í Héðni. Flestir voru nemanir á árinu 1955 eða um 120, en nú eru þar um 60 nemar á samningi. — Sveinn gat þess að varla kæmi hann svo um borð í Íslenzkt

Á áratugnum 1950—'60 hóf Héðinn framleiðslu á nýrri gerð frystivéla fyrir frystiðnaðinn, en það voru lagðrýsti-frystivélar eða spjaldþjoppur. Þá hefur Héðinn einnig hafið framleiðslu á hraðfrystitækjum með álplötum.

Auk skipavíðgerða, sem verið hafa frá upphafi fastur líður á verkefnastrá Héðins vann hann að uppbyggingu síldarverksmiðja víðsvegar um land á sínum tíma, ekki síst á Austur- og Suðvesturlandi. Fyrsta söðkjarnatæki smíðaði Héðinn 1954 fyrir síldarverksmiðjuna á Kletti í Reykjavík. Auk nýsmíða og víðgerðarþjónustu rekur Héðinn umfangsmikla innflutningsstarfsemi.

Dótturfyrirtækin

Auk Garða-Héðins, sem áður er getið, stofnaði Héðinn, ásamt

Sveinn Pálmason, núverandi form. starfsmannafélagsins gat þess að starfsemi félagsins væri alllífleg. Félagið leitast við að halda uppi fræðslustarfsemi, íþróttaíðkunum og skemmtanálifi. Fastur líður í skemmtanálifi eini væri t.d. árlegt þorrlöb. Nú er starfandi karlakór á vegum félagsins og er hann líklega eini karlakór iðnaðarmanna í borginni. — Starfsmannafélagið hefur góða aðstöðu til starfsemi sinnar, sem er samkomusalur fyrirtækisins, við hlíðina á mötuneyti starfsmanna. — Fyrst minnt er á mötuneyti er vert að geta þess, að Héðinn var eitt fyrsta fyrirtækið hér í borg, sem kom upp mötuneyti fyrir starfsmenn sína. — Hádegisverð fá starfsmenn á ótrúlega lágu verði eða kr. 50-máltíðina.



Þessa ungu menn hittum við á „Nordurloftinu“ í Héðni. Þeir eru: Þorsteinn Hauksson, Örn Ólafsson, Hörður Oddgeirsson og Guðjón Jónsson. — Þeir létu yfirleitt vel af því að vinna í Héðni og töldu að aðbúnaður hefði farið batnaði frá því þeir hófu þar störf. Guðjón er sá eini, sem lokið hefur iðunnámi, en hinir eru á ýmsum stigum iðunnámsins.



Frá afmælissýningunni.

Afmælissýningin

Eins og getið var í upphafi þessarar frásagnar minnst Héðinn afmælis síns með eins konar sögusýningu, sem hefur að geyma bæði fjölda smíðisgrípa eftir einstaka starfsmenn Héðins, svo og ýmsar sögulegar minjar. Ennfremur er á sýningunni komið fyrir mólum af ýmsum tækj-

um og búnaði, sem smíðaður hefur verið í Héðni til þessa. Þarna er líka til sýnis diselveling, sem Héðinn smíðaði fyrir Iðnúsýninguna 1952. Gaman er líka að sjá þarna 4 kw rafmótorinn frá 1922, sem var á sínum tíma afgjafi allra véla í Héðni. Fjöldi malverka t.d. úr safni Markúsar Ivarssonar sýndir þessa sýningu, en Markus var

mikill listnandi og studdi listamenn í starfi þeirra. Of langt yrði að rekja hér allt það sem fyrir augu ber á þessari sýningu, enda er þar sjón sögu ríkari. Sýningin mun verða opin næstu daga, og hefur verið gefin út vönduð sýningarskrá í tilefni hennar. Þar eru líka raktir helztu drættir í sögu fyrirtækisins. gg—



Kjartan Ágúst Jónsson

„LÆT MÉR NÆGJA DAGVINNUNA“

Rætt við Kjartan Ágúst Jónsson, járnsmíð, sem á 48 ára starfsaldur að baki í Héðni

„Þú finnur hann á mótverkstæðinu“, sagði Gauji vaktmaður, og blaðamaðurinn hélt þangað með það í huga að varla yrði honum skotaskuld úr því að finna þennan gamlingja, sem honum var sagt að staðið hefði hér á gölfinu í 48 ár. Hann hlaut að skera sig úr, vera lotinn í herðum og tinandi. Hvað skyldu þeir annars láta svona kalla dudda? — En svona var þetta ekki; á verkstæðinu var ekkert gamalmenni sjáanlegt. En hér stóð hins vegar sá sem að var leitað, Kjartan Ágúst Jónsson, járnsmíður, önnur kafinn við samsetningu á Ísvelunum, sem Héðinn hefur smíðað um árabil. — Þetta er orðin löng starfsævi hér á sama vinnustað, Kjartan? — Já, ég byrjaði að læra járnsmíði 1924 í gamla Héðni við Aðalstræti en þá voru þar milli 15 og 20 manns. Sveinn sjálfur er vist næstur mér, kom '29 að mig

minnir. Fyrirtækið hafði starfað í 18 mánuði þegar ég byrjaði og ég var starfsmaður nr. 11. — Hvernig voru vinnuskilyrðin þar? — Þau voru auðvitað frumstæð í samanburði við nútímann, allir rennibekkirirnir drifnir af sama mótörnum, óxull í loftinu og reimar niður á bekkina eins og þá tíðkaðist. Og í eldsmiðjunni voru tveir strákar við aslattan hjá smíðunum. — Hver var svo meistari þinn? — Það voru þeir Bjarni Þorsteinsson, og Markus Ivarsson, eigendur Héðins, en ég byrjaði að læra í eldsmiðjunni hjá Sveini Guðmundssyni föður Auðar Laxness. — Mig minnir ég fá 35 ára á tímann sem lærlingur, en þegar ég útskrifaðist 1929 fékk ég 2,40 á tímann, en verkamanna kaupið var þá kringum 1,40. — Var ekki mikið um danska Frh. á bls. 15.

STÉTTARÁTÖK OG VINNUSTAÐURINN

Rætt við Guðmund Rósinkarsson

„Ég á nú ekki langan starfsferil að baki“, sagði Guðmundur Rósinkarsson, þegar við náðum tali af honum. Hann var þá nýkominn af samningafundi „vestan af Vinnuveitendasambandi“, en Guðmundur á sæti í stjórn Félags járnsmíðarmanna. Hann lærði vélverkun í Héðni og hefur unnið þar nær samfellt frá árinu 1953. — Af því þú ert að koma af samningafundi, Guðmundur, er kannski ekki úr vegi að spyrja þig

um hlut ykkar Héðinsmanna í kjarabaráttunni? — Ég vil ekki segja að við skörum þar neitt fram úr. Hinu er ekki að neita, að við höfum náð fram á þessum vinnustað ýmsum atriðum, sem svo e.t.v. síðar hafa komizt inn í samninga félagsins. — Afstaða mín til fyrirtækisins mótast sjálfsgalt talsvert af þeim stéttaráttökum, sem maður kemst í tæri við sem stjórnarmaður í stéttarfélagi. — Héðinn hefur þú oft verið í fararbroddi hvað

vinnuástöðu snertir þó okkur starfsmönnum þyki hlutirnir stundum ganga fullseint, og mikið átak þurfi enn að gera í aðbúnaðarmálum. — Hvað um félagslífið á vinnustaðnum, og aðstöðu til slíkra hluta? — Þann tíma, sem ég hef verið í Héðni hefur það oft verið mjög lífandi. Og það má vel segja stjórnendum fyrirtækisins til hróss, að það er góð aðstaða til félagsstarfsemi hvað húsnæði snertir. Samkomusalur er notaður í þessu skyni. En Héðinn var



Guðmundur Rósinkarsson.

eitt fyrsta járnsmíðaverkstæðið sem skapaði aðstöðu fyrir mötuneyti á vinnustaðnum sjálfum. Félagslífið á areiðanlega sinn þátt í því, hve menn hafa verið stöðugir á vinnustaðnum. Í þessu tilliti get ég imyndað mér að Héðinn hafi nokkra serstöðu; hér hafa óneitanlega margir fest rætur. — Annað, sem ég held að hafi sít að segja hér er hve við höfum oft haft hér góða verkstjóra. Það er ekki vafi á því að það hvaða menn veljast til verkstjórnar ræður miklu um allt „andrámsloft“ á vinnustaðnum. — Ad lokum vil ég óska Héðni til hamingju með 50 ára starfsafmælið, og á þá ósk bezta fyrirtækisins til handa, að stjórnendum þess gleymist aldrei, að starfsmennirnir, þeir sem leysa verkefni af hendi hverju sinni, eru þeir máttarstólpar, sem starfsemi fyrirtækisins hvílir á. gg.

„Hér hefur verið samstilltur hópur og góður félagsandi“

— segir Jónas Hallgrímsson, trúnaðarmaður

Það vita allir hvern átt er við þegar spurt er um Jónas, því hann er búinn að vera trúnaðarmaður Félags járnsmíðarmanna á þessum stóra vinnustað frá árinu 1945. Og sé það haft í huga hvað vinnulöggjöfin segir um hlutverk trúnaðarmannsins — „að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna“ — þá geta menn gerð sér í hugarlund að á jafnstöðum vinnustað og Héðni munu ýmsar ótrúleg brotna á manni í því starfi. En Jónas Hallgrímsson

hefur vissulega ekki staðið óstuddur í þessu starfi, því Héðinsmenn hafa í stéttarlegu tilliti yfirleitt verið samstilltur hópur. — Vid hittum Jónas á mótverkstæðinu þar sem hann var að vinna við samsetningu á frystivélunum. — Hvenær byrjaðir þú í Héðni, Jónas? — Ég kom í september 1933 eða um leið og Bjarni Þór og tveir aðrir, sem nú eru raunar orðnir heildsalar, svo þetta eru orðin 39

ár. Þetta var á atvinnuleysis-tíma, þegar það var munaður að hafa vinnu. Smíðjan var þá enn í Aðalstrætinu, og þá voru þar um 70 starfsmenn. — Og hvaða grein járnsmíðinnar lærðir þú? — Ég lærði eiginlega rennis-míði, þótt ég tæki próf í vélverkun. Ég var á renniverkstæðinu í 24 ár. — Af því Sveinn það okkur blaðamennina um að draga ekki upp alveg einlita glansmynd af fyrirtækinu, þá er ekki úr vegi að



Jónas Hallgrímsson

spyrja þig t.d. um aðbúnaðinn hér og samskipti þín sem trúnaðarmanns við fyrirtækið. — Jú, samskiptin hafa gengið stórslysalaus. Á svona stórum vinnustað hljóta auðvitað alltaf að koma upp ýmskonar ágreiningsmál. Vid starfsmennirnir eru — og eignum að vera finnst mér — kröfuharir t.d. varðandi aðbúnað. Vid metum það sem vel hefur verið gert í þeim efnum, en því er ekki að neita að okkur hefur oft fundizt skorta á tilfinningu fyrir hreinleiti og upphitun á vinnustaðnum. — En þetta á þú við obbann af okkar vinnustaðnum, þetta eru okkar umhverfisvandamál. — Er eitthvað sem þér er sérstaklega minnisstætt þegar þú horfir um óxl? — Manni verður helzt hugsað til námsáranna þegar maður Frh. á bls. 15.